



## SAMÞYKKT um hæsnahald á Akranesi.

### 1. gr.

#### *Gildissvið og markmið.*

Samþykkt þessi gildir um hæsnahald á Akranesi.

Samþykktin er sett til að tryggja öryggi, góða hollustuhætti, góða umgengni og fullnægjandi mengunarvarnir vegna hæsnahalds á Akranesi.

Matvælastofnun fer með mál er varða lög um velferð dýra samkvæmt lögum nr. 55/2013, um velferð dýra.

### 2. gr.

#### *Leyfisveitingar.*

Skipulags- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar í umboði bæjarstjórnar Akraness annast útgáfu leyfa. Skipulags- og umhverfissvið skal við afgreiðslu leyfis leita umsagnar byggingarfulltrúa sé þess þörf.

Sækja skal um leyfi fyrir hæsnahaldi í þjónustuveri á bæjarskrifstofum Akraneskaupstaðar eða á vefsíðu sveitarfélagsins, [www.akranes.is](http://www.akranes.is), á þar til gerðum eyðublöðum áður en hæsnahald hefst.

Skilyrði til leyfisveitinga eru:

- að tilskilin leyfi byggingar- og skipulagsyfirvalda liggja fyrir nema að skilyrði í f-lið í 2.3.5. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 séu uppfyllt.
- ef um fjöleignarhús er að ræða skal liggja fyrir samþykki húsfélags. Sé um að ræða lóð eða fasteign í óskiptri sameign skal samþykki sameigenda liggja fyrir. Sé umsækjandi leigjandi skal fylgja samþykki leigusala.
- að hæsnahald hafi ekki verið sérstaklega bannað eða þinglýstar kvaðir séu á fasteignum þar að lútandi.
- að umsækjandi hafi ekki gerst brotlegur við lög um velferð dýra eða reglugerðir settar á grundvelli þeirra.
- að umsækjandi sé lögráða og hafi lögheimili á Akranesi.

Leyfilegt er að halda allt að sex hænsni á hverri lóð. Óheimilt er með öllu að halda hana.

### 3. gr.

#### *Lausaganga.*

Almenn lausaganga hænsna er bönnuð en þar sem þannig háttar til og ekki er hætt á að hænur valdi nágrönnum ónæði er ekki amast við henni. Leyfishafi er að öllu leyti ábyrgur fyrir hæsnum sínum og ber að koma í veg fyrir að hæsnahaldið valdi ónæði í umhverfinu, svo sem vegna hávaða, ólyktar og hvers konar óþrifnaðar.

### 4. gr.

#### *Hæsnakofar.*

Á lóðum þar sem veitt er leyfi til hæsnahalds skal vera hæfilega stór kofi sem rúmar þann fjölda hænsna sem leyfið er veitt fyrir. Kofi fyrir sex hænur þarf að vera að lágmarki 3 m<sup>2</sup> að stærð. Í kringum hæsnakofa skal vera hæsnahelt gerði, hæfilega stórt fyrir útiveru hænsna. Hæsnakofi og gerði skulu vera vel innan lóðamarka viðkomandi lóðar. Kofi skal vera meindýraheldur og fóður skal geyma í meindýraheldum ilátum. Leyfishafa ber að gera ráðstafanir til að tryggja að meindýr komist ekki í fóður.

Um byggingarleyfi fyrir hæsnakofa og girðingar við þá fer samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar.





5. gr.

*Ónæði og þrif.*

Til að koma í veg fyrir ónæði vegna hávaða ber að hafa myrkur hjá hænsnum frá kl. 21.00 til kl. 07.00 alla daga.

Leyfishafa ber að sjá til þrifa kofans svo skítur safnist ekki upp. Hænsnaskít skal farga eða nýta á löglegan hátt. Hænsnaskít skal koma fyrir í lokuðum umbúðum þannig að hann valdi ekki lyktarmengun. Þegar hænsnaskítur er nýttur sem áburður skal plægja hann niður þannig að hann liggi ekki á yfirborðinu. Ef ekki er unnt að nýta skít skal flytja hann í lokuðum umbúðum á móttökustöð fyrir lífrænan úrgang.

Leyfishafa ber að sjá til þess að hæsnahaldið laði ekki að meindýr.

6. gr.

*Afturköllun leyfis.*

Skipulags- og umhverfissvið Akraneskaupstaðar getur afturkallað leyfi til hæsnahalds samkvæmt samþykkt þessari ef leyfishafi brýtur ákvæði laga um velferð dýra eða ákvæði samþykktar þessarar.

7. gr.

*Sjúkdómar.*

Komi upp sjúkdómar eða smithætta sem að mati sóttvarnalæknis og yfirdýralæknis geta skapað hættu fyrir heilbrigði manna, ber að hætta hæsnahaldi tafarlaust og farga hænsnum í samráði við Heilbrigðiseftirlit Vesturlands.

8. gr.

*Eftirlit.*

Skipulags- og umhverfissvið fer með framkvæmd samþykktarinnar í umboði heilbrigðiseftirlits.

Kvörtunum vegna hæsnahalds skal vísa til dýraeftirlits Akraneskaupsstaðar til úrlausnar með vísan til samþykktar þessarar.

Eftirlit með því að ákvæðum samþykktar þessarar sé framfylgt er í höndum Heilbrigðiseftirlits Vesturlands samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9. gr.

*Þvingunarúrræði.*

Um þvingunarúrræði og viðurlög við brotum gegn ákvæðum samþykktar þessarar fer samkvæmt XVII. og XIX. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

10. gr.

*Heimild til gjaldtöku*

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar er heimilt að setja gjaldskrá vegna leyfis til hæsnahalds í samræmi við ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í gjaldskrá skal kveðið á um leyfis- og eftirlitsgjöld og kostnað leyfishafa vegna annarra gjaldaliða sem leiða af samþykkt þessari. Við ákvörðun gjaldskrár skal tekið mið af launa-, efnis- og umsýslukostnaði og öðrum kostnaði sem fellur til vegna hvers gjaldaliðar samkvæmt rekstraráætlun til að standa straum af kostnaði við að framfylgja samþykkt þessari.

Gjöld vegna aðkomu heilbrigðiseftirlits greiðast samkvæmt gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vesturlands.



12. gr.

*Úrskurðarnefnd.*

Um kærueimildir til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála vegna samþykktar þessarar fer skv. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir.

13. gr.

*Staðfesting.*

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 2. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

Samþykkt í Heilbrigðisnefnd Vesturlands þann 7. desember 2022.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisstjórn Akraness þann 12. desember 2022.

Samþykkt í bæjarráði Akraness þann 16. desember 2022.

Samþykkt í bæjarstjórn Akraness þann 29. desember 2022.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,

---

Sævar Freyr Þráinsson  
bæjarstjóri

**Ákvæði til bráðabirgða.**

**I.**

Þeim sem samþykkt þessi gildir um er veittur 60 daga frestur frá gildistöku hennar til aðlögunar að ákvæði 4. mgr. 2. gr. samþykktarinnar um heimilaðan hámarksfjölda hænsna á hverri lóð og að óheimilt sé með öllu að halda hana.

